



SKÝRSLA STJÓRNAR OG NEFNDA

2021 -2022

Skýrsla stjórnar og nefnda Skíðasambands Íslands,
lögð fram á Skíðaðingi 18. og 19. nóvember 2022

Skýrsla stjórnar SKÍ 2021– 2022

Á Skíðapingi 30. október 2021 voru eftirtalin kosin í nýja stjórn sambandsins til tveggja ára:

Stjórn

Bjarni Th. Bjarnason (formaður stjórnar)
Jón Egill Sveinsson (varaformaður)
Hugrún Elvarsdóttir (ritari)
Gísli Reynisson (gjaldkeri)
Sigurður Sveinn Nikulásson (formaður alpagreinanevndar)
Einar Ólafsson (formaður skíðagöngunefndar)
Friðbjörn Benediktsson (formaður snjóþreitanefndar)

Varamenn

Kristinn Magnússon
Katrín Einarsdóttir
Davíð Björnsson

Stjórn SKÍ skipaði í nefndir á eftirfarandi hátt tímabilið 2021-2023:

Aganefnd 2021-2023

- Elvar Örn Unnsteinsson, formaður
- Brynhildur Georgsdóttir
- Smári Þorvaldsson

Alpagreinanevnd 2021-2023

- Sigurður Sveinn Nikulásson, formaður
- Erla Ásgeirsdóttir
- Kristinn Magnússon

Laga- og reglugerðarnevnd 2021-2023

- Elvar Jónsson, formaður
- Ása Sandholt

- Þórunn Sif Harðardóttir

Skíðagöngunefnd 2021-2023

- Einar Ólafsson, formaður
- Elsa Guðrún Jónsdóttir
- Rúnar Gunnarsson

Blaðsíða | 2

Snjóbrettanefnd 2021-2023

- Friðbjörn Benediktsson, formaður
- Krístrún Lind Birgisdóttir
- Aðalsteinn Valdimarsson

Stjórn SKÍ

Stjórn SKÍ hefur fundað í 11 skipti frá skíðapinginu í október 2021, frá þinginu sem lauk á Akureyri 30. október 2021. Allir fundirnir voru í gegnum fjarfundabúnað nema einn sem haldinn var í Reykjavík í desember 2021. Ljóst er að fjarfundir verða áfram megin fundarformið vegna þess að góð reynsla er komin á það fundarform og það sparar einnig ferðalög og lækkar kostnað við fundahald. Hefðbundnir fundir í eigin persónu þurfa þó að vera nokkrir á hverju ári.

Jónas Egilsson var ráðinn nýr framkvæmdastjóri hjá sambandinu og hann til starfa í lok október sl. Jón Viðar Jónsson sem hefur gengt starfi framkvæmdastjóra í níu ár óskaði eftir að láta af störfum, en hann hefur hafið vinnu hjá Landsbankanum. Alls bárust sambandinu 22 umsóknir um starfið.

Fulltrúar SKÍ sóttu nokkra alþjóðlega fundi á síðastliðnu ári. Í vor fór formaður SKÍ á Skíðaping FIS sem haldið var í Mílanó á Ítalíu en út af covid þá var þingið mun minna í sniðum en áður. Aftur var kosið um forseta FIS eins og árið á undan og verður Johan Eliasch áfram forseti. Ýmislegt var rætt og má vænta ýmislegra breytinga hjá FIS á næstu árum, sérstaklega þegar kemur að sjónvarpsrétti, fjármálum og stjórnsýslu FIS. Í september fór formaður SKÍ á ársfund IBU sem haldinn var í Salzburg í Austurríki. Vonir standa til að SKÍ verði tekið inn sem fullgildur aðili í IBU á næstu tveimur árum. Í byrjun október fóru svo fjórir fulltrúar frá SKÍ á haustfund FIS.

Stjórn SKÍ samþykkti á fundi sínum nú í nóvember að reyna að auka umfjöllun um skíða- og brettaíþróttina í fjölmiðlum og leggur til að stofnuð verði sérstök nefnd til að vinna að þessum málum í samvinnu við aðildarfélögin og keppendur. Stjórnin ákvað einnig í byrjun starfstímabilsins að birta fundargerðir stjórnar á heimasíðu sambandsins.

Afreksmál

Vetrarólympíuleikar, Peking, Kína 3.-20. febrúar 2022

Alpagreinar

Í alpagreinum fengum við tvö sæti og voru þau Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir og Sturla Snær Snorrason valin eftir valreglur sem áður hafði verið gefin út og samþykkt af ÍSÍ.

Blaðsíða | 3

Hólmfríður Dóra tók þátt í þremur greinum á leikunum en það var svig, stórsvig og risasvig. Hún hóf keppni í svigi en náði ekki að klára fyrri ferð. Í stórsviginu endaði hún í 38.sæti og í risasviginu 32.sæti. Í risasviginu bætti Hólmfríður Dóra stöðu sína á heimslista FIS sem þykir gott á svo stóru móti.

Sturla Snær Snorrason lenti í því leiðinlegu upplifun að fá Covid fljótlega eftir komuna til Peking. Hann var sendur í einangrun og eftir hana og veikindin var skrokkurinn ekki í nógu góðu ástandi. Hann slepti stórsviginu en tók þátt í sviginu. Til tals kom að senda varamann út í stað Sturla Snæs en á endanum var ákveðið að halda sig við hans þátttöku og vona að hann kæmi þokkalega út úr einangruninni, sem var svo ekki raunin.

Skíðaganga

Í skíðagöngu fengum við þrjú sæti og þau Isak Stianson Pedersem, Krístrún Guðnadóttir og Snorri Eypór Einarsson valin eftir valreglur sem áður hafði verið gefin út og samþykkt af ÍSÍ.

Krístrún Guðnadóttir keppti í sprettgöngu og endaði í 74.sæti. Isak keppti einnig í sprettgöngu og endaði 78.sæti auk þess að keppa með Snorra í liðaspretti þar sem þeir enduðu í 19.sæti.

Snorri Einarsson keppti í fjórum greinum, 30 km skiptigöngu, 15 km göngu, 50 km göngu auk liðasprettisins. Bestum árangri náði hann í 50 km göngunni, en henni var hins vegar breytt í tæplega 30 km göngu vegna mikils kulda. Snorri endaði í 23.sæti og er það besti árangur hjá skíðagöngumanni á vetrarólympíuleikunum. Í hinum göngunum endaði hann í 29. og 36.sæti.

Þátttaka Íslendinga í Heimsbikar

Snorri Eypór Einarsson var meðal keppenda á heimsbikarmótaröðinni í byrjun árs, en það er sterkasta mótaröð í heimi í skíðagöngu. Um áramótin tók Snorri þátt í Tour de Ski mótaröðinni, en hann ákvað að klára ekki allar keppnisgreinar og tók því einungis þótt í fyrri hlutanum.

Helstu úrslit hjá Snorra:

- 27.nóvember 2021 – Ruka, Finnlandi, 75.sæti
- 28.nóvember 2021 – Ruka, Finnlandi, 51.sæti
- 12.desember 2021 – Davos, Sviss, 56.sæti
- 28.desember 2021 – Lenzerheide, Sviss, 87.sæti
- 29.desember 2021 – Lenzerheide, Sviss 58.sæti
- 31.desember 2021 - Obersdorf - Þýskaland, 28.sæti
- 6.mars 2022 - Oslo, Noregur, 42.sæti

Landsliðið á snjóbrettum tók sín fyrstu skref í heimsbikar í fyrra og hélt áfram í ár.

- 23.október 2021 – Benedikt Friðbjörnsson, Chur, Sviss, 48.sæti
- 1.janúar 2022 – Baldur Vilhelmsson, Calgary, Kanada, 34.sæti.
- 8.janúar 2022 – Baldur Vilhelmsson, Mammoth, USA, 34.sæti.
- 15.janúar 2022 – Marinó Kristjánsson, Laax, Sviss, 49.sæti.

Blaðsíða | 4

Þátttaka í Álfubikar

Nokkrir keppendur á snjóbrettum tóku þátt í evrópubikarnum í vetur, en álfubikararnir flokkast sem næst sterkustu mótaraðir í heimi.

Helstu úrslit í evrópubikar:

- 19.nóvember 2022 – Baldur Vilhelmsson, Landgraaf, Hollandi, 28.sæti
- 19.nóvember 2022 – Marinó Kristjánsson, Landgraaf, Hollandi, 19.sæti
- 28.janúar 2022 – Marinó Kristjánsson, Crans Montana, Sviss, 23.sæti.
- 18.febrúar 2022 – Baldur Vilhelmsson, Davos, Sviss, 15.sæti.
- 18.febrúar 2022 – Marinó Kristjánsson, Davos, Sviss, 31.sæti.
- 25.febrúar 2022 – Baldur Vilhelmsson, Götschen, Þýskaland, 37.sæti.
- 26.febrúar 2022 – Baldur Vilhelmsson, Götschen, Þýskaland, 25.sæti.
- 25.febrúar 2022 – Marinó Kristjánsson, Götschen, Þýskaland, 28.sæti.
- 26.febrúar 2022 – Marinó Kristjánsson, Götschen, Þýskaland, 28.sæti.
- 15.mars 2022 – Marinó Kristjánsson, Laax, Sviss, 27.sæti.

Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir, landsliðskona í alpagreinum, tók þátt í eyjaálfubikar í Nýja Sjálandi í haust. Þar keppi hún á fimm mótum. Meðal annars gerði hún besta stórsvigs móti sitt á ferlinum á þessum mótum.

- 27.ágúst 2022 – Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir, Coronet Peak, Nýja Sjáland, 5.sæti.
- 29.ágúst 2022 – Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir, Coronet Peak, Nýja Sjáland, 9.sæti.

HM unglinga og EYOF

HM unglinga í alpagreinum fór fram í Panorama í Kanada. Valdir voru sjö keppendur, þrjár stúlkur og fjórir drengir, eftir valreglu sem áður hafði verið gefin út. Auk þeirra fóru tveir þjálfarar frá SKÍ. Bestum árangri náði Elín Van Pelt en það var 37.sæti í svigi.

Önnur mót

Okkar landsliðsfólk keppir á fjölmörgum alþjóðlegum mótum ár hvert. Helst ber að nefna eftirfarandi:

- Katla Björg Dagbjartsdóttir, alpagreinum, náði góðum árangri í vetur. Hún keppti á 36 alþjóðlegum mótum og af þeim mótum sem hún kláraði endaði hún 9 sinnum á meðal 8 efstu keppanda og einu sinni í 11. Sæti. Besti árangur hennar var 4.sæti á alþjóðlegu FIS móti á Ítalíu í janúar þar sem hún gerði sín bestu FIS stig á ferlinum. Einnig endaði hún í 3.sæti á alþjóðlegu FIS móti í Slóveníu í janúar.
- Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir, alpagreinum, náði einnig góðum árangri í vetur en hún var 16 sinnum á meðal 10 efstu keppanda af þeim 54 alþjóðlegum mótum sem hún keppti á erlendis. Hún sigraði á einu móti sem var Belgíska meistaramótið í risasvigi.
- María Finnbogadóttir, alpagreinum, stóð sig einnig vel í vetur. Hún keppti á 28 alþjóðlegum mótum í vetur og varð 4 sinnum á meðal 9 efstu keppanda. Bseti árangur Maríu var í Soriska Planina 4. sætið með 43,81 FIS stig

Staða Íslendinga á heimslista og bestu árangrar

Þrátt fyrir erfiðar aðstæður á undanförunum árum svo sem covid o.fl. hefur okkar íþróttafólki tekist að stunda skíði og snjóbretti af kappi og eljusemi sem skiluðu Vildís Edwinsdóttur í 111 sæti á heimslista í Big Air og Baldri Vilhemssyni í 111 sæti á heimslista í Slopestyle. Bestu einstöku árangrar ársins voru hjá Kötlu Björgu Dagbjartsdóttur þegar hún skíðaði á 38.56 FIS-punktum í svigi á FIS-móti í Rogla og Baldri Vilhelmssyni þegar hann náði 458.20 stigum á European Cup í Landgraaf.

Hæfileikamótun

Unnið hefur verið að því að setja upp hæfileikamótunarstarf fyrir allra greinar. Hæfileikamótun er starf fyrir yngri iðkendur og er þá verið að horfa til framtíðar. Afreksstjóri SKÍ heldur utan um þetta verkefni en einnig hafa verið ráðnir aðilar til að halda utan um verkefni í öllum greinum. Síðasta liðið ár var farið í 10 verkefni og mæting hefur verið mjög góð. Skiplulagning fyrir næsta tímabil gerir ráð fyrir 18 verkefnum eða 6 í hverri grein.

Mótamál

Mótatöflur fyrir 2021/2022 voru birtar í byrjun september 2021. Engar samkomutakmarkanir voru þetta tímabilið og gekk mótahald almennt vel fyrir sig.

Alpagreinar:

Í flokki 16 ára og eldri þurfti að fresta fyrsta móti vetrarins út af veðri. Tvær helgar í Bláfjöllum í janúar og febrúar byrjuðu veturinn. Í mars var tekið tvöfalt mót á Akureyri en annað af því var frestað frá janúar. Í lok mars hélt Dalvík og Ólafsfjörður Skíðamót Íslands við flottar aðstæður. FIS mótaröð á Akureyri var svo síðasta mót vetrarins.

Í flokkum 12-13 ára og 14-15 ára voru haldin 2xSL mót í Bláfjöllum 30.-31. janúar og 2xGS mót í Oddskarði 6.-7. mars.

Skíðaganga:

Öll mót fóru fram en það þurfti þó aðeins aflýsa stökum mótum vegna veðurs. Fyrsta bikarmót vetrarins fór fram og Akureyri og það annað í Bláfjöllum þar sem annarri lengri göngunni var aflýst. Þriðja mótið var á Ísafirði og loks var Skíðamót Íslands á Ólafsfirði við flottar aðstæður.

Haldið var Scandinavian Cup mót í fyrsta skipti á Íslandi en það fór fram um miðjan mars í Hlíðarfjalli á Akureyri. Svo stórt alþjóðlegt mót er merki um að SKÍ og aðildarfélög þess hafa verið að standa sig vel í alþjóðlegu umhverfi og tókst mótið vel þrátt fyrir að aflýsa hafi þurft annarri lengri göngunni.

Snjóbretti:

Tvö mót fóru fram í vetur og fóru þau bæði fram á Akureyri. Upphaflega átti Snjóbrettamót Íslands að fara fram í Bláfjöllum en vegna aðstæðna þurfti Brettafélag Hafnarfjarðar að gefa frá sér mótið.

Mótakerfi SKÍ var tekið í notkun á síðasta tímabili í prufukeyrslu. Margt mjög gott er við nýja kerfið en einnig er það í fullri uppfærslu að gera það ennþá betra. Vonandi mun það nýttast hreyfingunni í langan tíma og auðvelda utanumhald við mótin.

Fræðslu- og útbreiðslumál

Á liðnu tímabil voru haldin fjögur þjálfaranámskeið. Haldin voru tvö námskeið á snjóbrettum, annað rafrænt og hitt fyrir sunnan og voru bæði námskeið haldin með nýju efni og tókust vel. Eitt námskeið var í skíðagöngu og eitt í alpagreinum sem var í Reykjavík. Á dagskránni var að halda annað námskeið í alpagreinum á Akureyri en því var ýtrekað frestað vegna veðurs. Undanfarið hafa námskeiðsmál verið rædd í stjórn og fagnefndum og sett hafa verið upp plön um ákveðnar helgar á hverju ári en þau hafa oft fallið niður vegna þátttökuleysis. Nú hefur verið ákveðið að falla frá kröfu um lágmarkspátttökufjölda. Búið er að klára námsefni fyrir allar greinar á 1. – 2.stigi.

Fjármál

Rekstur sambandsins hefur gengið vel að undanfögnu og ársreikningur 2021 sem liggur fyrir skíðapingið styður það. Afkoman er betri en áður og hafa tekjur aukist og eru komnar yfir 125 m.kr. Mest munar um hækkun á afrekssjóði sem fór í 44 m.kr. Ástæðan fyrir hækkuninni má

rekja til að SKÍ komst upp í A flokk í skilgreiningu afrekssjóðs ÍSÍ í fyrsta sinn fyrir úthlutun ársins 2020.

Að lokum þakkar stjórn SKÍ starfsmönnum, sjálfboðaliðum, nefndarfólki og skíðahreyfingunni fyrir gott samstarf sl. ár.

F.h. stjórnar SKÍ,
Bjarni Th. Bjarnason

Skýrsla alpagreinaneftndar 2022

Í nefndinni:

- Sigurður Sveinn Nikulásson - formaður
- Kristinn Magnússon
- Erla Ásgeirsdóttir

Blaðsíða | 8

Sigurður var kosinn formaður nefndarinnar á skíðaþingi haustið 2021. Hann fékk svo til liðs við sig Erlu sem sat einnig í síðustu nefnd og Kristinn í framhaldi af þinginu.

Nefndin starfar samkvæmt starfsáætlun og fundar reglulega samkvæmt henni. Nefndin fundar með afrekstjóra en einnig funda nefndarmenn án afrekstjóra þess á milli.

Helstu verkefni nefndarinnar hafa verið fjárhagsáætlunargerð komandi starfsárs og val á landsliðum Íslands í alpagreinum. Í fyrsta skipti í nokkurn tíma eru landsliðin fullskipuð með 4 í A liði og 6 í B liði.

Endurskoðun á lágmarkum og viðmiðum til grundvallar á vali í landslið SKÍ auk þess fyrir val á stórmót. Auk þess leitar starfsfólk SKÍ til nefndarinnar með álit á ýmsum málum þegar kemur að starfi hér heima í móta- og landsliðsmálum eins og tilefni eru til hverju sinni.

Punktalágmark hafa verið lækkuð úr 55 í 50 fyrir A lið og úr 90 í 85 fyrir B lið. Leitast verður við að kynjajafna í liðum 50/50 ef hægt er. Mætingarskylda í þrektest er orðið hluti af landsliðssamningi og þátttaka í Lowlander er skylda fyrir B lið og 20 daga lágmarkspáttaka fyrir A liðsfólk í öðrum samþykktum liðum. Þessi viðmið taka gildi fyrir næsta tímabil.

Hæfileikamótunaprógram er að festast í sessi og hefur því verið stýrt af Fjalari Úlfarssyni og Agli Inga Jónssyni með miklum sóma. Þar hefur verið haldið æfingahelgi með þrektesti í september og 25 iðkenndur fóru í innanhússskíðahöll í október. Stefnt er að æfingabúðum á Íslandi í nóv/des.

Skíðasambandið mun senda keppendur á Heimsmeistaramótið í Meribel og Courchevel 6. - 19. febrúar og Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar EYOF 21. - 28. janúar.

Formaður alpagreinaneftndar tók viðtal fyrir tímabilið við allt landsliðsfólk um hvernig þeim gengi, hvernig þau upplifa það að vera í landsliði Íslands í alpagreinum, hvernig þeim líkaði störf skrifstofu SKÍ og fleira.

Kv. Alpagreinaneftnd

Skýrsla Skíðgöngunefndar

Ólympíuleikarnir

Aðalmót vetrarins voru Ólympíuleikarnir í Peking í Kína

Snorri Einarsson, Ísak Stiansson og Krístrún Guðnadóttir voru þau sem voru valin á leikana.

Snorri var með besta árangur Íslendinga og stóð sig frábærlega.

Úrslit Snorra á Ólympíuleikunum voru:

- 6. feb. 2022- skiptiganga 30 km – 29. sæti
- 11. feb. 2022- 15 km hefðbundið - 36 sæti
- 16. feb. 2022 liðasprettur (Isak og Snorri) - 19. sæti
- 19. feb. 2022 28,4 km frjálst – 23. Sæti

Isak og Krístrún tóku bæði þátt í sprettgöngunni á Ólympíuleikunum þann 8. Febrúar 2022, Krístrún hafnaði í 74. Sæti og Isak í 61. Sæti. Einnig tók Isak þátt í liðaspretti með Snorra og enduðu þeir í 19. Sæti.

Heimsbikarmót

Snorri Eypór Einarsson var meðal keppenda á heimsbikarmótaröðinni í byrjun árs, Tour de Ski mótaröðinni.

- 28. des. 2021 - Lenzerheide, Sviss - Sprettganga Frjáls aðferð – 87. sæti
- 29. des. 2021 - Lenzerheide, Sviss - 15 km hefðbundið - 58.sæti
- 31. des. 2021 - Obstdorf, Þýskaland – 15 km frjáls aðferð - 28 sæti

Einnig tók hann þátt á Heimsbikarmóti í Osló:

- 8. Mars - 50 km hefðbundinn aðferð - 42. Sæti

Scandinavian Cup var haldið í fyrsta skipti á Íslandi þann 19.-20. Mars þar sem margt af öflugasta skíðagöngufólki Norðurlanda var mætt og var það haldið upp í Hlíðarfjalli á Akureyri.

Úrslit 19. mars í sprettgöngu með frjálsri aðferð:

- Isak Stiansson - 25. Sæti
- Snorri Einarsson - 30. Sæti
- Dagur Benediktsson - 32. sæti
- Albert Jónsson - 35. Sæti.
- Krístrún Guðnadóttir - 17. Sæti
- Gígja Björnsdóttir - 26. Sæti.

Þann 20 mars var svo keppt í 15 km hefðbundið hjá körlum og 10 km hjá konum.

- Snorri Einarsson- 22. Sæti
- Albert Jónsson - 25. sæti
- Dagur Benediktsson - 30. Sæti
- Isak Stiansson - 33. Sæti.
- Krístrún Guðnadóttir 21. Sæti
- Gígja Björnsdóttir - 24. Sæti.

EYOF

Þann 20-25. Mars var Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Vuokatti í Finnlandi. Fóru 4 keppendur sem kepptu í skíðagöngugreinum, þeir Einar Árni Gíslason, Ólafur Pétur Eypórsson, Sveinbjörn Orri Heimisson og Ævar Freyr Valbjörnsson

Skíðaganga

Í Hlíðarfjalli voru haldin mót í sprettgöngu, 5km og 10km í frjálsri og hefðbundinni göngu dagana 14.-16. janúar. Samskonar mót voru einnig haldin í Bláfjöllum 28.-30.janúar og á Ísafirði 4-6. mars auk SMÍ 26-28 mars. Það gekk vel að halda bikarmótin framan af vetri fyrir utan að þurfi að fresta bikarmóti á Ísafirði um eina helgi vegna ferðaveðurs. Sprettgöngu á SMÍ var einnig fært fram á lokadaginn vegna veðurs.

Skíðamót Íslands var haldið á Ólafsfirði og gekk vel, var þar í fyrsta skipti þar sem UMÍ og SMÍ eru sett saman í eitt mót. Á SMÍ var Snorri fremstur íslendinga í öllum greinum, en Krístrún sigraði í sprettgöngu og með frjálsri aðferð.

Hæfileikamótun

Þorsteinn Hymer og Steven Gromata byrjuðu með hæfileikamótun í skíðagöngu, Steven þurfti að segja sig frá verkefninu eftir fyrstu samæfinguna. Þorsteinn hefur séð einn um skipulag og þjálfun krakkana með aðstoð frá héruðum. Fyrsta samæfing var haldin í Reykjavík í júní og sú síðari á Akureyri í byrjun október.

Rétt fyrir áramót er á áætlun ferð til Noregs, þetta er æfinga- og keppnisferð, þar sem þau munu taka þátt í móti á Beitostolen. Einnig er áætluð ferð til Noregs í vetur, keppnisferð. Mjög mikil ánægja með þetta framtak SKÍ, bæði frá iðkendum og foreldrum. Einnig þá þjappar þetta hópnum betur saman milli héraða sem er mjög jákvætt.

Lowlanders prógram

Fundur í Zurich

Næsta tímabili byrjum við með Lowlanders prógram í skíðagöngu

Sambærilegt og núverandi prógram fyrir landsliðið

Danmörk, Írland, Belgía, Ísland og mögulega Svíþjóð verða með

Snjóþretti:

Snjóþreittamótinn í vertur voru haldinn í Mars og Apríl þennan veturinn. Fismót á Akureyri 12 og 13 Mars.

Virkilega erfiðlega gekk að halda snjóþreittamót síðasta vetur. Byrja þurfti á að fresta móti sem átti að vera fyrir austan og síðan aflýsa. Mótið á Akureyri var síðan haldið 12 og 13 Mars, síðar var ákveðið að færa SBÍ til Akureyrar sem upphaflega átti að vera í Bláfjöllum. Á endanum var haldið SBÍ auk FIS móts í lok apríl á Akureyri, sem gekk vel.

Blaðsíða | 11

Fyrsta æfingahelgi hæfileikamótunar snóþretta var helgina 9 til 11 september Jökull Elí Borg sáu um æfingarnar.

A og B landsliðserið ásamt Hæfileikamótun var farin til Osló 14 Október og komið til baka 22. okt. Þetta var gert í staðin fyrir að fara til Hintertux á Jökul.

Steve Addicott aðalþjáfari Why aint you liðsins og Jökull Elí Borg sáu um æfingarnar.

Í haust voru gefnar út mótatöflur fyrir komandi vetur og var erfitt að setja þær saman.

Samið var við Why aint you liðið sem staðsett er í Austuríki að hafa A landsliðið í æfingarbúðim. Strákarnir gátu valið á milli að vara 4 mánuði eða 6.

Steve Addicott er aðalþjálfar og hefur farið með liðið á sórmótinn fyrir okkar hönd.

A landslið

Baldur Vilhelmsson tók þátt EC 18.11.21 Landgraf og gerði sitt besta mót á ferlinum, lenti í 2. sæti sem gaf honum 458 TTR stig. Hann tók síðan þátt í WC í Canada 01.01.22 og endaði í 34 sæti.

Síðan einu í Mammoth í Bandaríkjunum og endaði hann í aftur í 34. sæti.

Staða á TTR lista SS 112 og BA 156

Benedikt Friðbjörnsson tók þátt í WC Chur, 23.10.21 og lenti í 48 sæti en meiddist á öxl og fór síðna aftur á stað í janúar og datt þá aftur og kepti ekki meir síðasta vetur.

Er á meiðsla status, staða á TTR lista SS 177 og BA 71

Marinó Kristjánsson tók þátt í WC í Laxx og lenti í 49 sæti. Hann kepti í nokkrum EC mótum og endaði hann í 19., 21 og 27. sæti.

Staða á TTR lista SS 333 og BA 228.

B landslið

Vildís Edwinsdóttir tók þátt í EC Þýskalandi 25.02.22 í BA og endaði í 11. sæti og gerði þar sitt besta mót í Risastökki. Síðna Varð hún Sænskur meistari 1.04.22 og gerði þar sitt besta SS mót á ferlinum og náði í 200 stig TTR.

Staða á TTR lista SS 161 og BA 111

Anna Kamilla Hlynsdóttir tók þátt í NoregsCup og lendi þar í 4 sæti og gerði þar sína bestu punkta 208 stig.

Staða á TTR lista SS 310